

## SAMNINGUR MILLI ÍSLANDS OG MANAR TIL AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN EINSTAKLINGA

Ríkisstjórn Íslands og stjórnvöld á Mön, sem vilja auka við samninginn um upplýsingaskipti um skattamál, sem var gerður 30. október 2007, með gerð samnings til að komast hjá tvísköttun einstaklinga að því er varðar skatta á tekjur,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

### 1. gr.

*Einstaklingar sem samningurinn tekur til.*

Samningur þessi gildir um einstaklinga sem eru heimilisfastir hjá öðrum samningsaðila eða báðum.

### 2. gr.

*Skattar sem samningurinn tekur til.*

1. Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru þessir:

- a) á Mön:  
skattar á tekjur eða hagnað  
(hér á eftir nefndir „Manarskattur“);
- b) á Íslandi:  
tekjuskattar ríkissjóðs; og  
útsvar til sveitarfélaganna  
(hér á eftir nefnd „Íslenskur skattur“).

2. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld samningsaðilanna skulu tilkynna hvor öðrum um allar verulegar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum þeirra og varða einstaklinga.

3. gr.  
*Almennar skilgreiningar.*

1. Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir, nema annað leiði af samhenginu:

- a) „samningsaðili“ merkir Mön eða Ísland eftir því sem samhengið gefur til kynna; „samningsaðilar“ merkir Mön og Ísland;
- b) „Mön“ merkir eyjuna Mön;
- c) „Ísland“ merkir Ísland og, þegar það er notað í landfræðilegum skilningi, yfirráðasvæði Íslands, þar með talin landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum og náttúruauðlindir þeirra;
- d) „bært stjórnvald“ merkir:
  - (i) að því er varðar Mön, matsmann tekjuskatts eða fulltrúa hans;
  - (ii) að því er varðar Ísland, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans eða það yfirvald sem er tilnefnt sem bært stjórnvald að því er samning þennan varðar;
- e) „fyrirtæki“ nær til reksturs hvers konar starfsemi;
- f) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari, sem fyrirtæki hjá samningsaðila rekur, nema skipið eða loftfarið sé einungis í ferðum milli staða hjá hinum samningsaðilanum.

2. Við framkvæmd samningsaðila á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi samningsaðila að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til. Sú merking sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess samningsaðila skal ganga framar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess samningsaðila.

4. gr.  
*Heimilisfastur aðili.*

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „aðili heimilisfastur hjá samningsaðila“, að því er einstakling varðar, sérhvern þann einstakling sem, samkvæmt lögum þess samningsaðila, er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti eða af öðrum svipuðum ástæðum. Hugtakið tekur þó ekki til einstaklinga sem eingöngu eru skattskyldir hjá þeim samningsaðila af tekjum sem eiga uppruna sinn hjá þeim samningsaðila.

2. Þegar einstaklingur er heimilisfastur hjá báðum samningsaðilum skv. 1. mgr. skal ákvarða stöðu hans með eftirfarandi hætti:

- a) hann telst einungis heimilisfastur hjá þeim samningsaðila þar sem hann á fast heimili; eigi hann fast heimili hjá báðum samningsaðilum telst hann heimilisfastur

einvörðungu hjá þeim samningsaðila sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

- b) ef ekki er unnt að ákvarða hjá hvorum samningsaðila einstaklingur hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á fast heimili hjá hvorugum aðilanum, telst hann einungis heimilisfastur hjá þeim samningsaðila þar sem hann dvelur að jafnaði;
- c) dvelji hann að jafnaði hjá báðum samningsaðilunum eða hvorugum þeirra skulu bær stjórnvöld samningsaðilanna leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

## 5. gr.

### *Atvinnutekjur.*

1. Laun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur hjá samningsaðila fær fyrir starf sitt, skulu, með fyrirvara um ákvæði 6., 7., 8. og 9. gr., einungis skattlögð hjá þeim samningsaðila, nema starfið sé leyst af hendi hjá hinum samningsaðilanum. Ef starfið er leyst þar af hendi má skattleggja endurgjaldið fyrir það hjá síðarnefnda samningsaðilanum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur hjá samningsaðila fær fyrir starf sem hann leysir af hendi hjá hinum samningsaðilanum, einungis skattlagt hjá fyrrnefnda samningsaðilanum ef:

- a) viðtakandinn dvelur hjá síðarnefnda samningsaðilanum í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi skattári; og
- b) endurgjaldið er greitt af, eða fyrir hönd, vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur hjá síðarnefnda samningsaðilanum; og
- c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri starfsstöð, þar sem starfsemin fer fram að öllu leyti eða að hluta, sem vinnuveitandinn hefur hjá síðarnefnda samningsaðilanum.

3. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar gilda ekki um endurgjald sem aðili heimilisfastur hjá samningsaðila fær fyrir starf sem hann leysir af hendi hjá hinum samningsaðilanum og greitt er af, eða fyrir hönd, vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur hjá þeim samningsaðila ef:

- a) viðtakandinn veitir, í starfi sínu, aðila þjónustu, öðrum en vinnuveitanda, sem hefur, beint eða óbeint, yfirumsjón með því hvernig þjónustan er innt af hendi, stýrir því eða stjórnar; og
- b) fyrrnefnd þjónusta er óaðskiljanlegur hluti þeirrar starfsemi sem fyrrnefndur aðili rekur.

4. Þrátt fyrir undanfarandi ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf, unnið um borð í skipi eða loftfari sem fyrirtæki hjá samningsaðila notar í flutningum á alþjóðaleiðum, hjá þeim samningsaðila.

6. gr.  
*Stjórnarlaun.*

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur hjá samningsaðila fær fyrir setu í stjórn eða öðru álíka ráði innan félags sem heimilisfast er hjá hinum samningsaðilanum, má skattleggja hjá síðarnefnda samningsaðilanum.

7. gr.  
*Listamenn og íþróttamenn.*

1. Tekjur aðila heimilisfasts hjá samningsaðila, sem hann aflar hjá hinum samningsaðilanum með störfum sínum sem skemmtikraftur, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður eða sem íþróttamaður, má skattleggja hjá síðarnefnda samningsaðilanum.

2. Ef tekjur af störfum, sem skemmtikraftur eða íþróttamaður aflar sem slíkur, renna ekki til skemmtikraftsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars einstaklings eða lögaðila má skattleggja þær hjá þeim samningsaðila þar sem starf skemmtikraftsins eða íþróttamannsins er leyst af hendi.

8. gr.  
*Eftirlaun.*

Heimilt er að skattleggja eftirlaun og annað álíka endurgjald, sem verður til hjá samningsaðila, greiðslur samkvæmt löggjöf um almannatryggingar hjá samningsaðila og greiðslur samkvæmt hvaða öðru kerfi sem er úr sjóðum sem samningsaðili myndar, hjá þeim samningsaðila.

9. gr.  
*Opinbert starf.*

1. a) Laun og annað svipað endurgjald, að undanskildum eftirlaunum, sem greidd eru af samningsaðila eða sjálfstjórnarhéraði eða lögskipuðum aðila eða sveitarstjórn hans til einstaklings fyrir störf hans í þjónustu þess samningsaðila eða sjálfstjórnarhéraðs eða lögskipaðs aðila eða sveitarstjórnar, skulu einungis skattlögð hjá þeim samningsaðila.

b) Slík laun og annað svipað endurgjald skulu þó einungis skattlögð hjá hinum samningsaðilanum ef starfið er leyst þar af hendi og viðkomandi einstaklingur er heimilisfastur hjá þeim samningsaðila og tók ekki upp heimilisfesti þar einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.

2. Ákvæði 5., 6. og 7. gr. skulu gilda um laun og annað svipað endurgjald fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsaðila eða sjálfstjórnarhéraðs eða lögskipaðs aðila eða sveitarstjórnar hans.

10. gr.  
*Námsmenn.*

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til samningsaðila heimilisfastur hjá hinum samningsaðilanum og dvelur hjá fyrrnefnda samningsaðilanum einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal undanþeginn skattlagningu hjá þeim samningsaðila á greiðslur, sem hann fær til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun, enda komi slíkar greiðslur frá aðilum utan þess samningsaðila.

11. gr.  
*Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.*

1. Á Mön skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:

Með fyrirvara um ákvæði laga á Mön varðandi lækkun skatts sem ber að greiða utan Manar (sem hefur ekki áhrif á hina almennu meginreglu laganna),

- a) og með fyrirvara um ákvæði c-liðar skal Mön heimila að ef aðili heimilisfastur á Mön hefur tekjur sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa er heimilt að skattleggja á Íslandi megi draga fjárhæð þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið á Íslandi frá tekjuskatti þess aðila á Mön;
- b) slíkur frádráttur skal þó aldrei vera hærri en sá hluti tekjuskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur sem skattleggja má á Íslandi;
- c) hafi aðili heimilisfastur á Mön tekjur, sem skulu einungis skattlagðar á Íslandi samkvæmt ákvæðum samnings þessa, getur Mön fellt þær tekjur inn í skattstofn en skal heimila að sá hluti tekjuskattsins sem rekja má til þeirra tekna sem koma frá Íslandi sé dreginn frá tekjuskatti.

2. Á Íslandi skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:

Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur sem má skattleggja á Mön samkvæmt ákvæðum þessa samnings skal Ísland heimila:

- a) að fjárhæð þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið á Mön sé dreginn frá tekjuskatti þess aðila á Íslandi,;
- b) slíkur frádráttur skal þó aldrei vera hærri en sá hluti tekjuskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er, eftir því sem við á, á þær tekjur sem skattleggja má á Mön;
- c) þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur, sem eru undanþegnar skattlagningu á Íslandi samkvæmt ákvæðum samningsins, er Íslandi þó heimilt, við ákvörðun skatta á aðrar tekjur þessa heimilisfasta aðila, að taka tillit til þeirra tekna sem undanþegnar eru skattlagningu.

12. gr.

*Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.*

1. Ef einstaklingur telur að ráðstafanir, sem gerðar eru af öðrum hvorum eða báðum samningsaðilum, leiði eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar, sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarræði sem lög samningsaðilanna kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald þess samningsaðila þar sem hann er heimilisfastur. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um aðgerðir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.
2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald hins samningsaðilans í því skyni að komast hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakmörkunum sem í gildi eru samkvæmt landslögum samningsaðilanna.
3. Bær stjórnvöld samningsaðilanna skulu, með gagnkvæmu samkomulagi, leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins.
4. Bær stjórnvöld samningsaðilanna geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar.

13. gr.

*Gildistaka.*

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega um að málsmeðferðinni, sem krafist er samkvæmt lögum þeirra, sé lokið.
2. Samningurinn kemur til framkvæmda:
  - a) á Mön:

að því er varðar Manarskatt, vegna skatts sem leggja má á vegna skattárs sem hefst sjötta dag aprílmánaðar eða síðar á því ári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi;
  - b) á Íslandi:

vegna íslensks skatts sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á því ári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi.
3. Samningurinn skal, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar, ekki koma til framkvæmda fyrr en samningurinn, sem undirritaður var 30. október 2007 milli Manar og Íslands um upplýsingaskipti um skattamál, kemur til framkvæmda.

14. gr.  
*Uppsögn.*

1. Samningur þessi skal gilda þar til samningsaðili segir honum upp. Hvor samningsaðili um sig getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok almanaksárs. Gildir samningurinn þá ekki lengur að því er varðar skatta sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á næsta ári eftir lok sex mánaða tímabilsins.
2. Samningu þessi fellur úr gildi án tilkynningar um uppsögn, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, þann dag þegar samningurinn, sem undirritaður var 30. október 2007 milli Manar og Íslands um upplýsingaskipti um skattamál, fellur úr gildi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Ósló hinn 30. október 2007 á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Fyrir hönd stjórnvalda á Mön:

Árni M. Mathiesen

Allan Bell